

13. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Priðjudaginn 23. júní 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 15.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson og Birna Ágústsdóttir.

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og stýrði dagskrá.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.

Valdimar O. Hermannsson boðaði forföll

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 10. júní 2020. Fundargerðin var samþykkt og verður birt á huni.is

2. Fundir með ráðherrum og þingmönnum

Minnisblaðið *Samantekt frá fundum með ráðherrum og þingmönnum* dags. 18. júní 2020 lagt fram til umræðu.

Tillaga að frétt um fundina lögð fram og staðfest.

Ákveðið að sveitarfélögin muni boða til íbúafunda í lok ágúst til að kynna stöðu verkefnisins og heyra sjónarmið íbúa áður en sveitarstjórnir taka ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður.

3. Stöðugreining fjárhags

Jón Hrói sagði frá viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum frá síðasta fundi. Ný drög skjala lágu fyrir fundinum.

4. Næsti fundur

Ákveðið var að halda um miðjan júlí sem verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:00.